

## Fundargerð

41. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, þriðjudaginn 11. ágúst 2020 í fundarsal A og D, ÍSÍ Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerðum frá fundi 39 og 40 voru samþykktar og birtar. Nokkuð var um samþykktir á mótahaldi rafrænt í sumar, breytingar m.a. meistaramótið. Samþykkt rafrænt FRÍ ehf. Farið yfir Íslandsmet til staðfestingar m.t.t. gagna. Reglugerðarbreyting tengt flögutíma m.t.t Covid. Erindi afgreidd til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar vegna ástands Laugardalsvallar.

### 2. Mótaskrá 2020

Enn á ný rætt um keppnishaldið 2020, mótahald í ágúst – okt., starfsmannahald og aðkomu áhorfenda í ljósi Covid. Frestanir ræddar í stóru myndinni m.a. á bikarkeppninni, skoðað með félögunum. Reynt eftir mætti að halda meistaramót í fjölþraut og öldunga í Kaplakrika. Ákveðið að athuga hvort meistarmótið í 5.000 kvk og 10.000 kk á braut geti verið samhliða ársþinginu. Líney Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, kom á fundinn til að upplýsa um stöðu mála og túlkanir á keppnishaldi.

### 3. Frjálsípróttaping haustið 2020

Ritari telur að stjórnin verði að huga að því að fresta þinginu í ljósi nýrra reglna um samveru m.t.t covid. Þingið yrði rislág í ljósi þessa. Ekki hafa komið neinar þingsályktunartillögur. Ákveðið bíða til næsta stjórnarfundar með ákvörðun. Fólk stígur í kaldan og heitan fót með ákvörðun.

### 4. Ímyndarmál FRÍ

Gestir komu á fundinn, Símon og Anton, til sýningar á vinnu sinni um ásýnd FRÍ. Formanni, varaformanni og meðstjórnanda, var falið í starfshópi, með stuðningi starfsmanna, að fylgja málinu eftir í júní sl. Formaður gerir grein fyrir vinnu hópsins. Fundarmenn sammála um að allt væri á réttri leið. Starfshópnum falið að vinna áfram að málinu.

### 5. Önnur mál

a. Aðstöðumál. Sama sagan jákvæðar fréttir breytast jafnvel í neikvæðar mili daga eftir því hvernig sveiflurnar eru hjá sveitarfélögunum. Formanni falið að senda sveitarfélögunum bréf síðsumars. ÍR-svæðið í Mjódd enn í uppnámi.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:00 með því að formaður ræddi um notkun á baggabindivélum í Rangárvallasýslu á árum áður. Þar hefðu komið fram kastarar. Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*